

## 6. gr.

Vegna búrekstrar skulu neðangreind eyðublöð fylgja skattframtali manns eða lögaðila:

- a) Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
- b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 7. gr., skal fylgja útfyllt 4. síða landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 (bústofnshluti).

## 7. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2002 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Úr framtalsforriti RSK 1.04 á tölvudisklingi, ásamt útfylltri og undirritaðri forsíðu á pappír.
- b) Úr framtalsforriti RSK 1.04 sent með dulrituðum tölvupósti skv. sérstökum samningi við ríkisskattstjóra.
- c) Með dulrituðum tölvupósti, sbr. b) úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- d) Á skattframtali rekstraraðila 2003; RSK 1.04, sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.

Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.

## 8. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 91. og 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignar-skatt, og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 16. janúar 2003.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### um kærunefnd jafnréttismála.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið.

## 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um störf og skrifstofuhald kærunefndar jafnréttismála.

#### II. KAFLI

##### Kærunefnd jafnréttismála.

## 2. gr.

*Störf kærunefndar og skrifstofuhald.*

Kærunefnd jafnréttismála er heimilt í samráði við félagsmálaráðuneytið að ráða starfs-mann sem meðal annars undirbýr fundi nefndarinnar.

Telji formaður nefndarinnar þörf á sérkunnáttu við úrlausn máls getur hann kvatt til ráðuneytis aðila sem hafa slíka sérkunnáttu.

## 3. gr.

*Form og efni kæru.*

Kæra skal vera skrifleg og skal þar greint nafn, heimilisfang og kennitala þess er kærir. Í kæru skal lýst þeirri afgreiðslu eða ákvörðun sem kærð er. Kæru skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru. Nefndin getur ákveðið að kæru skuli skilað á sérstöku eyðublaði sem nefndin lætur útbúa. Ef kæra er borin fram af öðrum en þeim er hefur hagsmuni af úrlausn máls skal skriflegt umboð fylgja. Erindi skal berast innan árs frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ætlað brot.

## 4. gr.

*Frávísunarástæður.*

Eftir að erindi berst er það lagt fram á næsta fundi kærunefndar, þar sem tekið er til meðferðar hvort málið fellur undir valdsvið nefndarinnar. Teljist málið falla utan verksviðs nefndarinnar skal vísa því frá. Berist kæra eftir að ár er liðið frá því að vitneskja um ætlað brot lá fyrir, skal vísa málinu frá nema aðstæður sem tilgreindar eru í 28. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eigi við.

## 5. gr.

*Málsmeðferð.*

Ef málatilbúnaður álitsskipta er fullnægjandi er gagnaðila veittur frestur til að tjá sig um álitsskiptina. Greinargerð gagnaðila er síðan lögð fram og afrit sent álitsskipta. Athugasemdir hans við greinargerð gagnaðila skal að lokum bera undir gagnaðila. Frestir málsaðila til að skila umsögnum til nefndarinnar skulu að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur í hvert sinn. Þegar allar upplýsingar eru taldar liggja fyrir er málið tekið til úrlausnar.

Þegar sérstaklega stendur á getur nefndin gefið málsaðilum kost á að koma fyrir nefndina og gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Um meðferð mála fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

## 6. gr.

*Takmörkun upplýsingagjafar.*

Upplýsingagjöf nefndarmanna og starfsmanns nefndarinnar takmarkast af 4. mgr. 6. gr. laga nr. 96/2000. Samkvæmt lagaákvæðinu skal fara með upplýsingar um gögn sem þar er fjallað um sem trúnaðarmál. Ef slík gögn eru lögð fyrir nefndina verða þau ekki afhent öðrum en aðilum viðkomandi máls. Við afhendingu slíkra gagna skal greina móttakanda skýrt frá því að gögnin skuli meðhöndluð sem trúnaðarmál.

## 7. gr.

*Málalyktir.*

Nefndin skal skila skriflegri, rökstuddri álitsskipti um ágreiningsmál sem nefndarmenn skulu undirrita.

Nefndin heldur fundargerðabók þar sem skráðar eru upplýsingar um meðferð mála og niðurstöður þeirra. Starfsmaður nefndarinnar ritar fundargerðir.

Nefndin skal leitast við að gefa álit innan þriggja mánaða frá því að kæra berst.

## 8. gr.

*Þagnarskylda.*

Nefndarmönnum og starfsmanni nefndarinnar ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik, sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almanna-hagsmuna. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr. og 30. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. janúar 2003.*

**Páll Pétursson.**

---

*Gylfi Kristinsson.*

**AUGLÝSING****um niðurlagningu sjóða.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómismálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

<b>Nr. í sjóða-skrá</b>	<b>Heiti</b>	<b>Nr. í B-deild Stjórnartíðinda</b>
878	Minningarsjóður Þorsteins Eiríkssonar	47/1959
777	Kirkjubyggingarsjóður Ytri-Njarðvíkur	200/1952
981	Ljósavatnssjóður	102/1964
222	Sjóður fermingarbarna í Sauðlauksdal	64/1923
1464	Barnaheimilið að Tjaldanesi í Mosfellsbæ	105/1965
42	Gjafasjóður síra Þórarins Böðvarssonar og eiginkonu hans, frú Þórunnar Jónsdóttur, til skólahlads í Flensborg	29/1878
377	Sjúkrasjóður Bolungarvíkur	53/1934
1426	Sjálífseignarstofnun Dvalarheimilis aldraðra heyrnarlausra	16/1993
1363	Hagrannsóknarstofnunin Freyja	458/1989
676	Minningarsjóður Eggerts Jóhannessonar og Péturs Eggertssonar	82/1948

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. janúar 2003.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*